

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 4. mars 2020.

Staður: Fundarherbergið Helgafell Kaplakrika.

Hófst kl. 17.05 og lauk kl. 18.20.

Mættir: Hrafnkell Marinósson, Aðalsteinn Valdimarsson, Karl Georg Klein, Viðar Halldórsson, Ragnar Hilmarsson og Kristinn Arason. Forföll: Magnús Gunnarsson, Hörður Þorsteinsson og Sveinn Sigurbergsson.

Dagskrá:

- 1. Samantekt um Íslandsmeistara og bikarmeistara í efsta flokki árin 2015-2019**
Yfirlitsblað yfir öll félög / deildir aðildarféлага ÍBH sem hafa hlotið þessa titla síðast liðinn fimm ár tekin saman, fjöldi titla á ári mismunandi. Lagt fram til kynningar.
- 2. Samantekt íþróttagreinar og deildarmeistaratitlar 2015-2019**
Yfirlitsblað yfir þær íþróttagreinar í Hafnarfirði sem keppa um þennann titil og hverjir hafi unnið hann undanfarin fimm ár. Íþróttgreinarnar eru, handknattleikur, körfuknattleikur, blak, badminton og borðtennis. Lagt fram til kynningar.
- 3. Tímaúthlutunarreglur ÍBH**
Farið er yfir það árlega hvort það þurfi að breyta reglunum. Nýjar íþróttagreinar, blak, bogfimi eru að nota íþróttamannvirkin og setja þarf inn nýjar upplýsingar um þær íþróttagreinar í fylgiskjöl reglnanna. Einnig þarf að setja ný mannvirki inni í regluverkið og breyta 13. grein reglnanna þannig að knatthúsin Dvergurinn og Skessan séu einnig undir þeim lið, en Skessan með þann prósentuhluta til úthlutunar sem Hafnarfjarðarbær ákveður hverju sinni, sem er nú 66,7%. Fundarmenn sammála því að skipa þurfi tímaúthlutunarnefnd 2020-2021 með fulltrúum frá eftirtöldum félögum, Haukum, FH Árni Freyr Guðnason, DÍH, BH, Firði, Björk Þór Ólafsson og Blakfélagi Hafnarfjarðar. Framkvæmdastjóra ÍBH falið að hafa samband við félögin og óska eftir tilnefningum þeirra í nefndina.
- 4. Bréf frá ÍSÍ um að fylgja ráðleggingum sóttvarnarlæknis vegna kórónaveirunnar**
Lagt fram til kynningar. Íþróttahreyfingin hvött til þess að fylgjast með þróun mála á heimasíðu Embættis landlæknis www.landlaeknir.is þar sem upplýsingar eru reglulega uppfærðar.
- 5. Frjálsíþróttahólfing 27. - 28. mars 2020 í Hafnarfirði**
Lagt fram til kynningar. Kjörbréf hefur verið sent á Úlfar Linnet nýjan deildarformann frjálsíþróttadeildar FH. Elísabet verður áheyrnarfulltrúi ÍBH á þinginu.
- 6. Blakþing 28. mars 2020 í Reykjavík**
Lagt fram til kynningar. Nýr formaður Blakfélags Hafnarfjarðar er Fanný Yngvadóttir. Kjörbréf sent síðar frá Blaksambandi Íslands.

7. Skotþing 4. apríl 2020 í Reykjavík

Lagt fram til kynningar. Kjörbréf hefur verið sent á Ferdínand hjá Skotíþróttafélagi Hafnarfjarðar.

8. Uppljóstrunarkerfi fyrir lyfjæftirlit í íþróttum

Lagt fram til kynningar. Hver sá sem býr yfir grun eða vitneskju um brot á lyfjareglum í íþróttum getur tilkynnt, vefsíða www.lyfjæftirlit.is.

9. Heilsuhegðun ungra Íslendinga

Kynning á niðurstöðum 27. febrúar sl. í Bratta Háskóla Íslands í Stakkahlíð. Athygli vakin á erindum og upplýsingum sem er búið að safna. HÍ er líka með vefsíðu sem tengist verkefninu www.heilsuhegdun.hi.is.

10. Ábendingalína Barnaheilla til hjálpar börnum

Ábendingalína opnuð á vefslóðinni barnaheill.is/abendingalina. Hægt að tilkynna um ólöglegt og óviðeignandi efni sem varðar börn á netinu. Slagorð „Þú getur hjálpað okkar að eyða því versta“. Lagt fram til kynningar.

11. Erlend veðmálafyrirtæki

Bréf frá ÍSÍ 21. febrúar sl. lagt fram til kynningar. Erlend veðmálafyrirtæki sækja inn á íslenskan markað. Starfsemi þeirra er ólögleg á Íslandi. Eingöngu má auglýsa happdrætti sem hafa fengið sérstakt leyfi samkvæmt lögum hér. Þau bera ríkar samfélagslegar skyldur, sbr. Íslensk getsþá, Íslenskar getraunir o.s.frv. (fyrir íþróttahreyfinguna). Mikilvægt að íþróttahreyfingin gangi ekki í samstarf við fyrirtæki sem stunda ólöglega veðmálastarfsemi hér á landi.

12. Bjartir dagar 2020

Bréf frá Andra Ómarssyni verkefnisstjóra lagt fram til kynningar. Bjartir dagar verða haldnir 22. – 26. apríl 2020 í tengslum við Sumardaginn fyrsta. Menningarhátíð. Markmiðið er að hvetja sem flesta til að skapa viðburði. Örstyrkir hámark kr. 100.000 senda beiðni á menning@hafnarfjordur.is fyrir 22. mars nk. Úthlutun verður lokið 1. apríl nk. Lokafrestur til að senda inn dagskráratriði er 3. apríl nk.

13. Skoðunarferð í Skessuna

Viðar Halldórsson formaður FH sýndi fundarmönnum knatthúsið Skessuna. Knatthúsið er 115m x 75m og er farið í notkun undir knattspyrnuæfingar og leiki.

14. Önnur mál

Engin.